

**Fjármála- og efnahagsráðherra f. h. ríkissjóðs
og Læknafélag Íslands
gera með sér svofelldan kjarasamning**

| 1 Gildissvið | |
|---|--|
| 1.1 | Samningsaðilar. Aðilar að kjarasamningi þessum eru Læknafélag Íslands, að undanskildu Skurðlæknafélagi Íslands, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hér eftir nefndir vinnuveitandi. |
| 1.2 | Kandidat fellur undir hugtakið “læknir” í samningi þessum nema annað sé tekið fram. |
| 1.3 | Samningur þessi gildir frá 1. júní 2014 til 30. apríl 2017 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. |
| 2 Ráðningaráttur og greiðsla launa | |
| 2.1 | Ráðningarsamningur |
| 2.1.1 | Skylt er að gera skriflegan ráðningarsamning við lækni sem starfar skv. samningi þessum, í samræmi við lög og reglur um starfsmenn ríkisins, sbr. einnig b- og d-lið auglýsingar nr. 503, frá 30. júní 1997, í B-deild Stjórnartíðinda, um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 91/533/EBE frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda til að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi. |
| 2.2 | Uppsagnarfrestur ráðningarsamnings |
| 2.2.1 | Ráðningarsamningur skal vera uppsegtjanlegur af beggja hálfu með eins mánaðar fyrirvara á reynslutíma sem er fyrstu þrír mánuðir ráðningar, nema annað sé tekið fram í ráðningarsamningi. Að því loknu skal ráðningarsamningur vera uppsegtjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara, miðað við mánaðamót. |
| 2.2.2 | Sé lækni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá sömu stofnun, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef hann er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Læknir getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara. |
| 2.3 | Greiðsluháttur |
| 2.3.1 | Laun eru greidd inn á innlánsreikning læknis enda stofni hann til slíks reiknings við þá peningastofnun er hann óskar. |
| 2.3.2 | Mánaðarlaun eru greidd eftirá fyrsta virkan dag hvers mánaðar næst á eftir vinnumánuði. Þá eru einnig inntar af hendi aðrar greiðslur er byggjast á samningi þessum fyrir tímabilið frá 16. degi mánaðar til 15. dags mánaðar næst á undan greiðsludegi fyrir þá sem eru í þjónustu ríkisins. |

- 2.3.3 Þeir sem nutu fyrirframgreiðslu mánaðarlauna þann 1. nóvember 1997 skulu halda henni á meðan þeir eru óslitið í starfi og taka laun samkvæmt kjarasamningi ofangreindra aðila.

3 Laun

3.1 Mánaðarlaun

- 3.1.1 Mánaðarlaun starfsmanns, sem gegnir fullu starfi, skulu frá 1. júní 2014 greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu:

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
|-----|---------|---------|---------|---------|---------|
| 100 | 353.000 | | | | |
| 200 | 383.822 | 397.256 | 411.158 | 425.550 | 440.444 |
| 300 | 549.656 | 571.642 | 594.509 | 618.290 | 655.386 |
| 400 | | | 733.789 | 777.817 | |

Frá 1. janúar 2015 breytist grein 3.1.1 og verður sem hér segir:

- 3.1.1 Mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi, skulu frá 1. janúar 2015 greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu:

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|------------|----------|----------|-----------|-----------|-----------|----------|
| 100 | 424.264 | | | | | |
| 200 | 471.404 | 483.189 | 495.269 | 507.651 | 520.342 | |
| 201 | 485.546 | 497.685 | 510.127 | 522.880 | 535.952 | |
| 202 | 500.113 | 512.615 | 525.431 | 538.567 | 552.031 | |
| 203 | 515.116 | 527.994 | 541.194 | 554.724 | 568.592 | |
| 204 | 530.569 | 543.834 | 557.429 | 571.365 | 585.649 | |
| 205 | 546.486 | 560.149 | 574.152 | 588.506 | 603.219 | |
| 300 | 694.278 | 715.107 | 736.560 | 758.657 | 781.416 | 804.859 |
| 301 | 715.107 | 736.560 | 758.657 | 781.416 | 804.859 | 829.005 |
| 302 | 736.560 | 758.657 | 781.416 | 804.859 | 829.005 | 853.875 |
| 303 | 758.657 | 781.416 | 804.859 | 829.005 | 853.875 | 879.491 |
| 304 | 781.416 | 804.859 | 829.005 | 853.875 | 879.491 | 905.876 |
| 305 | 804.859 | 829.005 | 853.875 | 879.491 | 905.876 | 933.052 |
| 306 | 829.005 | 853.875 | 879.491 | 905.876 | 933.052 | 961.043 |
| 307 | 853.875 | 879.491 | 905.876 | 933.052 | 961.043 | 989.875 |
| 400 | | | 900.508 | 927.523 | 955.349 | |
| 401 | | | 927.523 | 955.349 | 984.009 | |
| 402 | | | 955.349 | 984.009 | 1.013.529 | |
| 403 | | | 984.009 | 1.013.529 | 1.043.935 | |
| 404 | | | 1.013.529 | 1.043.935 | 1.075.253 | |
| 405 | | | 1.043.935 | 1.075.253 | 1.107.511 | |
| 406 | | | 1.075.253 | 1.107.511 | 1.140.736 | |
| 407 | | | 1.107.511 | 1.140.736 | 1.174.958 | |

3.1.2 Útreikningur á broti úr mánaðarlaunum

Þegar unninn er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma.

3.1.3 Hækkun launa á samningstímanum

- | | |
|----------------|------|
| 1. janúar 2016 | 2,5% |
| 1. janúar 2017 | 1,5% |

3.2 Röðun starfsheita í launaflokka

3.2.1 Röðun starfsheita:

| Lfl | Starfsheiti | Skilgreining |
|------------|--------------------------|---|
| 100 | Kandidat | Kandidat sem ekki hefur fengið lækningaleyfi. |
| 200 – 205 | Læknir | Læknir með lækningaleyfi. |
| 300 – 307 | Læknir með sérfræðileyfi | Læknir sem lokið hefur sérnámi og fengið sérfræðileyfi. |

| | | |
|------------|---|---|
| | 400 – 407 Yfirlæknir | Læknir með sérfræðileyfi sem ráðinn er til stjórnunar ásamt áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. |
| 3.2.2 | Starfsbundnir þættir og þættir vegna viðbótarmenntunar til viðbótar við grunnlaunaflokka 200, 300 og 400 geta numið allt að 5 launaflokkum, sbr. fylgiskjal II. <i>Gildir frá og með 1. júní 2015.</i> | |
| 3.2.3 | Læknir með sérfræðileyfi sem staðist hefur bandarískt sérfræðilæknispróf (Board Speciality og/eða Sub-speciality Certification) raðast einum launaflokki hærra en ella. <i>Tekur gildi 1.6.2015.</i> | Sama gildir um lækni með sérfræðileyfi sem staðist hefur evrópskt sérfræðilæknispróf sem hægt er að sýna fram á að sé sambærilegt bandarísku sérfræðilæknisprófi að mati læknadeildar Háskóla Íslands. <i>Tekur gildi 1.1.2016.</i> |
| | Læknir með lækningaleyfi sem lokið hefur doktorsprófi raðast tveimur launaflokkum ofar en ella. | Hækkun á grundvelli beggja forsendna samkvæmt þessari grein getur að hámarki orðið tveir launaflokkar. |
| 3.2.4 | Sérstakt álag, 15%, greiðist til sérfræðilækna og yfirlækna sem sinna í starfi sínu verkefnum sem krefjast þess að þeir vinni eingöngu á viðkomandi stofnun. Álag þetta reiknast af launaflokki og þepri viðkomandi. | |
| 3.3 | Launaþrep og starfsaldur | |
| 3.3.1 | Við ákvörðun starfsaldurs læknis með lækningaleyfi, skal miða við störf sem læknir frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að hann hefur lagt inn fullgilda umsókn um lækningaleyfi til landlæknis. Hafi viðkomandi læknir fengið staðfestingu landlæknis á lækningaleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu þá skal starfsaldur miða við störf hans sem læknir frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að hann lagði inn fullgilda umsókn um lækningaleyfi í viðkomandi landi. Hafi læknir með lækningaleyfi eða staðfest lækningaleyfi lokið BS- eða MS-gráðu í læknisfræði skal hún metin til jafns við eitt ár í starfsaldri. | |
| | 1. þrep: byrjunarlaun. 2. þrep: eftir sex mánaða starfsaldur. 3. þrep: eftir 2 ára starfsaldur. 4. þrep: eftir 3 ára starfsaldur. 5. þrep: læknir sem lokið hefur þremur árum í skipulögðu sérnámi viðurkenndu af landlækni. | |
| 3.3.3 | Við ákvörðun starfsaldurs læknis með sérfræðileyfi, skal miða við störf sem læknir frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að hann hefur lagt inn fullgilda umsókn um lækningaleyfi til landlæknis. Hafi viðkomandi læknir fengið staðfestingu landlæknis á lækningaleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi | |

Fríverslunarsamtaka Evrópu þá skal starfsaldur miða við störf hans sem læknir frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að hann lagði inn fullgilda umsókn um lækningaleyfi í viðkomandi landi.

1. þrep: að 7 ára starfsaldri.
2. þrep: eftir 7 ára starfsaldur.
3. þrep: eftir 10 ára starfsaldur.
4. þrep: eftir 13 ára starfsaldur.
5. þrep: eftir 16 ára starfsaldur.
6. þrep: eftir 19 ára starfsaldur.

3.3.4 Læknir án sérfræðimenntunar sem 1. janúar 1995 átti að baki minnst 12 ára starfsreynslu sem læknir skal taka laun sem læknir með sérfræðileyfi.

3.3.5 Sérfræðilæknir sem nýtir sér ekki heimild 2. mgr. greinar 4.1.3 skal fá greitt sérstakt álag, 5%, sem reiknast af launaflokki 301, 6. þrep.

Yfirlæknir sem nýtir sér ekki heimild 2. mgr. greinar 4.1.3 skal fá greitt sérstakt álag, 5%, sem reiknast af launaflokki 401, 6. þrep.

3.4 Dagvinnutímaup

3.4.1 Tímakaup fyrir dagvinnu er 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi læknis.

Frá 1. janúar 2016 breytist grein 3.4.1 og verður sem hér segir:

Tímakaup fyrir dagvinnu er 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi læknis.

Tímakaup fyrir dagvinnu til útreiknings gæsluvakta er:

- a) fyrir kandidat: 0,615% af launaflokki 100
- b) fyrir lækni með lækningaleyfi: 0,615% af launaflokki 200, 5. þrep
- c) fyrir lækni með sérfræðileyfi: 0,615% af launaflokki 301, 6. þrep

3.5 Yfirvinnutímaup

3.5.1 Tímakaup fyrir yfirvinnu er:

| | Frá 1. júní 2014 | Frá 1. janúar 2015 |
|--|------------------|--------------------|
| a) fyrir kandidat | kr. 3.396 | kr. 3.742 |
| b) fyrir lækni með lækningaleyfi..... | kr. 4.152 | kr. 4.576 |
| c) fyrir lækni með sérfræðileyfi | kr. 5.244 | kr. 5.779 |

Frá 1. janúar 2016 breytist grein 3.5.1 og verður sem hér segir:

Tímakaup fyrir yfirvinnu er:

- a) fyrir kandidat: 1,0385% af launaflokki 100
- b) fyrir lækni með lækningaleyfi: 1,0385% af launaflokki 200, 5. þrep
- c) fyrir lækni með sérfræðileyfi: 1,0385% af launaflokki 301, 6. þrep

3.5.2 Tímakaup fyrir yfirvinnu á stórhátiðardögum skv. gr. 4.1.8 er:

| | Frá 1. júní 2014 | Frá 1. janúar 2015 |
|--|------------------|--------------------|
| a) fyrir kandidat | kr. 4.496 | kr. 4.955 |
| b) fyrir lækni með lækningaleyfi | kr. 5.500 | kr. 6.061 |
| c) fyrir lækni með sérfræðileyfi | kr. 6.945 | kr. 7.654 |

Frá 1. janúar 2016 breytist grein 3.5.2 og verður sem hér segir:

Tímakaup fyrir yfirvinnu á stórhátiðardögum skv. gr. 4.1.8 er:

- a) fyrir kandidat: 1,375% af launaflokki 100
- b) fyrir lækni með lækningaleyfi: 1,375% af launaflokki 200, 5. þrepí
- c) fyrir lækni með sérfræðileyfi: 1,375% af launaflokki 301, 6. þrepí

3.6 Greiðsla fyrir skipulagða vinnutilhögun utan dagvinnu

3.6.1 Læknar með sérfræðileyfi á sjúkrahúsum og heilsugæslu:

3.6.1.1 Á dagvinnu læknis með sérfræðileyfi utan dagvinnumarka skal greitt álag sem nemur kr. 1.062 á klst., sbr. 4.2.1. Frá og með 1. janúar 2015 er þessi fjárhæð kr. 1.170 á klst.

Frá 1. janúar 2016 breytist grein 3.6.1.1 og verður sem hér segir:

Á dagvinnu læknis með sérfræðileyfi utan dagvinnumarka skal greitt álag, 33,33% af dagvinnutímakaupi af launaflokki 301, 6. þrepí, sbr. 4.2.1.

3.6.1.2 Greiðsla fyrir staðarvakt læknis með sérfræðileyfi skal vera kr. 6.295 á klst. Frá og með 1. janúar 2015 er þessi fjárhæð kr. 6.937 á klst.

Frá 1. janúar 2016 breytist grein 3.6.1.2 og verður sem hér segir:

Fyrir hverja stund á staðarvakt læknis með sérfræðileyfi skal greitt tímakaup fyrir yfirvinnu, sbr. grein 3.5.1 eða 3.5.2.

3.6.1.3 Gæsluvakt 1 – læknir með sérfræðileyfi.

| | <u>Frá 1. júní 2014</u> | <u>Frá 1. janúar 2015</u> |
|--------|-------------------------|---------------------------|
| 0-9% | kr. 1.678 | kr. 1.850 |
| 10-19% | kr. 2.205 | kr. 2.429 |
| 20-29% | kr. 2.728 | kr. 3.006 |
| 30-39% | kr. 3.254 | kr. 3.586 |
| 40-49% | kr. 3.776 | kr. 4.161 |
| 50-59% | kr. 4.303 | kr. 4.741 |
| 60-69% | kr. 4.828 | kr. 5.320 |

Frá 1. janúar 2016 breytist grein 3.6.1.3 og verður sem hér segir:

Álag, sbr. gr. 4.4.3 fyrir hverja klukkustund skal vera eftirtalið hlutfall af dagvinnutímakaupi viðkomandi læknis sbr. gr. 3.4.1:

| | | |
|--------|-----------------|---|
| 33,33% | kl. 16:00-24:00 | mánudaga til fimmtudaga |
| 45,00% | kl. 16:00-24:00 | föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00-08:00 | mánudaga til föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00-24:00 | laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga |
| 90,00% | kl. 00:00-24:00 | stórhátiðadaga |

Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.

3.6.1.4 Gæsluvakt 2 (ferilvakt) - læknir með sérfræðileyfi.

| | <u>Frá 1.júní 2014</u> | <u>Frá 1.janúar 2015</u> |
|------|------------------------|--------------------------|
| 0-4% | kr. 779 | kr. 858 |
| 5-9% | kr. 997 | kr. 1.099 |

| | | |
|--------|-----------|-----------|
| 10-14% | kr. 1.214 | kr. 1.338 |
| 15-19% | kr. 1.434 | kr. 1.581 |
| 20-24% | kr. 1.653 | kr. 1.821 |

Frá 1. janúar 2016 fellur niður nágildandi grein 3.6.1.4, en frá og með þeim tíma verður greitt fyrir gæsluvakt 2 í samræmi við grein 3.6.1.3.

Frá 1. janúar 2016 tekur gildi ný grein 3.6.1.4, svohljóðandi:

Tímakaup á gæsluvakt er álag skv. 3.6.1.3.

3.6.1.5 Af greiðslum skv. 3.6.1.2 til 3.6.1.4, er greitt orlofsfé samkvæmt gr. 5.2 og falla þær því niður í orlofi. Greiðslur þessar falla ekki niður í námsferðum skv. gr. 8.1.

3.6.1.6 Greiðsla fyrir vinnutilhögun skv. gr. 4.4 á stórhátiðum skal vera 25% hærri en segir í grein 3.6.1.2 til 3.6.1.4.

Grein 3.6.1.6 fellur úr gildi 1.1.2016

3.6.2 Kandidatar og læknar með lækningaleyfi

3.6.2.1 Bundin vakt sbr. gr. 4.5.1.

Greiðsla fyrir bundna vakt kandidats:

| | <u>Frá 1. júní 2014</u> | <u>Frá 1. janúar 2015</u> |
|---------|-------------------------|---------------------------|
| A | kr. 3.911 | kr. 4.310 |
| B | kr. 3.258 | kr. 3.591 |
| C | kr. 2.851 | kr. 3.141 |

Greiðsla fyrir bundna vakt læknis með lækningaleyfi:

| | <u>Frá 1. júní 2014</u> | <u>Frá 1. janúar 2015</u> |
|---------|-------------------------|---------------------------|
| A | kr. 4.782 | kr. 5.270 |
| B | kr. 3.985 | kr. 4.391 |
| C | kr. 3.486 | kr. 3.842 |

Frá 1. janúar 2016 breytist grein 3.6.2.1 og verður sem hér segir:

Fyrir hverja klukkustund á staðarvakt kandidata og lækna með lækningaleyfi skal greitt tímakaup fyrir yfirvinnu, sbr. grein 3.5.1.

3.6.2.2 Álag, sbr. gr. 4.5.2. (gr. 4.4.3 eftir 1.1.2016) fyrir hverja klukkustund skal vera eftirtalið hlutfall af dagvinnutímakaupi viðkomandi læknis sbr. gr. 3.4.1:

| | |
|--------|---|
| 33,33% | kl. 16:00-24:00 mánudaga til fimmtudaga |
| 45,00% | kl. 16:00-24:00 föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00-08:00 mánudaga til föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga |
| 90,00% | kl. 00:00-24:00 stórhátiðadaga |

Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.

- 3.6.2.3 Tímakaup á gæsluvakt er álag skv. 3.6.2.2.
- 3.6.2.4 Af greiðslum skv. 3.6.2.1 til 3.6.2.3, er greitt orlofsfé samkvæmt gr. 5.2 og falla þær því niður í orlofi. Greiðslur þessar falla ekki niður í námsferðum skv. gr. 8.5.
- 3.6.2.5 Greiðsla fyrir vinnutilhögun skv. gr. 4.5.1 á stórhátíðum skal vera 25% hærri en segir í grein 3.6.2.1.
- 3.6.2.6 Á dagvinnu læknis með lækningaleyfi utan dagvinnumarka skal greitt álag, 33,33% af dagvinnutímakaupi af launaflokki 200, 5. þepi, sbr. 4.2.1.
- 3.6.3 Læknar á stofnunum öðrum en sjúkrahúsum og heilsugæslu:
- 3.6.3.1 Álag, sbr. 4.6. fyrir hverja klukkustund skal vera eftirtalið hlutfall af dagvinnutímakaupi sbr. 3.4.1:
- | | | |
|--------|-------------------|--|
| 33,33% | kl. 17:00 - 24:00 | mánudaga-föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00 - 08:00 | mánudaga-föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00 - 24:00 | laugard., sunnud. og sérstaka frídaga sbr. 4.1.7 |
| 90,00% | kl. 00:00 - 24:00 | stórhátíðardaga sbr. 4.1.8. |
- Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.
- 3.6.3.2 Tímakaup á gæsluvakt er álag skv. 3.6.3.1.
- Frá og með 1.1.2016 fellur 3.6.3 ásamt undirgreinum úr gildi.*
- 3.7 Desemberuppbót**
- 3.7.1 Desemberuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:
- Á árinu 2014 73.600 kr.
Á árinu 2015 75.500 kr.
Á árinu 2016 77.300 kr.
- Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækjunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á desemberuppbót reiknast ekki orlofsfé. Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili.
- Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.
- 3.8 Orlofsuppbót**
- Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:
- Á árinu 2014 39.500 kr.
Á árinu 2015 40.500 kr.
Á árinu 2016 41.500 kr.
Á árinu 2017 42.500 kr.

Hinn 1. júní skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikur) samfellt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

| 4 Vinnutími | |
|--------------------|---|
| 4.1 Almennt | |
| 4.1.1 | Með vinnutíma er átt við að læknir sé til staðar, til reiðu fyrir vinnuveitanda og inni af hendi starfskyldur sínar. |
| 4.1.2 | Vinnuskylda. Vinnuskylda læknis í fullu starfi skal vera 40 klukkustundir á viku. |
| 4.1.3 | Yfirvinnu- og vaktaskylda. Læknum skal skylt að vinna yfirvinnu og taka vaktir þar sem þess er þörf. Læknir er þó undanþeginn skyldu til að sinna vöktum frá 55 ára aldrí. |
| 4.1.4 | Fráviksheimildir. Heimilt skal að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir (kafla 4), með skriflegu samkomulagi lækna og forráðamanna stofnunar. Einnig er heimilt að semja við einstaka lækna um rýmkun á dagvinnutímabili og ákveðið frjálsræði um hvar og hvenær vinnuskyldu er gegnt. |
| 4.1.5 | Samfelldur vinnutími. Vinnutími skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið. |
| 4.1.6 | <u>Almennir frídagar</u> . Almennir frídagar eru: Laugardagar og sunnudagar. |
| 4.1.7 | <u>Sérstakir frídagar</u> . Sérstakir frídagar eru eftirtaldir dagar, enda beri þá ekki upp á laugardaga eða sunnudaga. Laugardagur fyrir pásku skal þó engu að síður teljast sérstakur frídagur: |
| | <ol style="list-style-type: none">1. Skírdagur2. Laugardagur fyrir pásku3. Annar í páskum4. Sumardagurinn fyrsti5. 1. maí6. Uppstigningardagur7. 2. hvítasunnudagur8. Frídagur verslunarmanna9. Annar jóladagur |
| 4.1.8 | <u>Stórhátíðadagar</u> . Stórhátíðadagar eru: <ol style="list-style-type: none">1. Nýársdagur2. Föstudagurinn langi |

3. Páskadagur
4. Hvítasunnudagur
5. 17. júní
6. Aðfangadagur eftir kl. 12
7. Jóladagur
8. Gamlársdagur eftir kl. 12

4.2 Dagvinna

- 4.2.1 Dagvinna skal unnin á tímabilinu frá kl. 08:00 til kl. 17:00 frá mánudegi til föstudags.
- 4.2.2 Með skriflegu samkomulagi lækna og forráðamanna stofnunar er heimilt að ákveða dagvinnu á tímabilinu frá kl. 07:00 til kl. 24:00.
- 4.2.3 Heimilt er að semja við einstaka lækna um rýmkun á dagvinnutímabili og ákveðið frjálsræði um hvar og hvenær vinnuskyldu er gegnt.
- 4.2.4 Læknir sem vinnur hluta af vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skv. gr. 4.2.1, 4.2.2 og 4.2.3, skal fá greitt álag skv. 3.6.1 eða 3.6.2.6 á þann hluta starfs síns.

4.3 Yfirvinna

- 4.3.1 Yfirvinna. Yfirvinna telst sú vinna sem fram fer, utan tilskilins daglegs vinnutíma eða annarrar fyrirfram ákveðinnar vinnutilhögunar, svo og vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnuskyldu, skv. gr. 4.1.2, þótt á dagvinnutímabili sé.
- 4.3.2 Útköll. Þegar læknir er kallaður til starfa, sem ekki eru innan fyrirfram ákveðinnar vinnutilhögunar hans, ber honum yfirvinnukaup í a.m.k. 4 klst. nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klukkustunda frá því að hann fór til vinnu, en í þeim tilvikum greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls og þar til regluleg vinna hefst.
- Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til útkalla sem eru í beinu framhaldi af reglulegri vinnu eða lýkur áður en 4 klst. eru liðnar frá lokum hinnar reglulegu vinnu en um þau tilvik fer eftir hinum almennu reglum.
- 4.3.3 Hafi læknir verið ráðinn í hlutastarf og þar af leiðandi með skemmri vikulega vinnuskyldu en gert er ráð fyrir í 4.1.2, skal vinna umfram hana greidd sem hér segir:
- 4.3.3.1 Óreglubundin vinna umfram hina skertu vinnuskyldu eða samfelld vinna skemur en einn mánuð greiðist með því kaupi, sem greitt er fyrir yfirvinnu.
- 4.3.3.2 Samfelld reglubundin vinna einn mánuð eða lengur, allt að fullri vinnuskyldu skv. gr. 4.1.2, greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum (aukið hlutfall) og eftir atvikum með álagi, enda hafi honum verið kynnt það áður en sú vinna hófst.

4.4 Vinnutilhögun lækna með sérfræðileyfi utan dagvinnu á sjúkrahúsum og heilsugæslu

- 4.4.1 Tekið skal upp fast vaktafyrirkomulag svo sem um skipulag og eðli vaktalína. Gert skal ráð fyrir því að vaktafyrirkomulagið miðist við vinnuálag á hverri deild og skal það endurskoðað árlega með tilliti til vinnuálags. Forstöðumenn deilda skulu, að höfðu samráði við lækna sömu deilda, gera tillögur um slíka endurskoðun til endanlegrar ákvörðunar stjórnar viðkomandi stofnunar.
- Læknum með sérfræðileyfi á viðkomandi deild, öðrum en þeim sem nýta sér undanþágu skv. gr. 4.1.3 2. mgr., skal skyld að skipta með sér vöktum á viðkomandi deild og skal að lágmarki binda $\frac{3}{4}$ hluta vakta til 12 mánaða í senn. Það sem upp á vantar skal skipulagt með a.m.k. sex vikna fyrirvara.
- Vaktabyrði skal vera í samræmi við starfshlutfall nema um annað sé samið.
- Ef staðarvakt skv. 4.4.2 er breytt að ósk yfirmanns frá fyrirfram skipulagðri vinnutilhögun skv. þessari grein með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi lækni greitt aukalega 4 klst. í yfirvinnu.
- 4.4.2 **Staðarvakt.** Læknir með sérfræðileyfi á staðarvakt dvelst á þeirri stofnun þar sem hann stendur vaktina.
- 4.4.3 **Gæsluvakt 1.** Lækni með sérfræðileyfi á gæsluvakt 1 er ekki skyld að dvelja á stofnun þeirri sem hann stendur vaktina fyrir en hann skal koma á vettvang án tafar í útkalli.
- Gæsluvakt 2 (ferilvakt).** Lækni með sérfræðileyfi á gæsluvakt 2 er ekki skyld að dveljast á stofnun þeirri sem hann stendur vaktina fyrir og má hann vera allt að 2 klst. að komast á vettvang í útkalli.
- 4.4.4 Greitt skal fyrir gæsluvaktir samkvæmt fyrirfram metnu vinnuá lagi og því er ekki greitt sérstaklega fyrir mælt vinnuframlag á hverri vakt fyrir sig.
- 4.4.4.1 Mat á vinnuálagi á gæsluvakt. Vinna á gæsluvökum skal skráð samkvæmt tímaskráningarkerfi stofnunar. Hvert útkall á gæsluvakt skal að lágmarki talið sem vinna í 4 klst. Sé um endurtekin útköll að ræða með skemmra en fjögurra klst. bili milli upphafs hvors/hvers útkalls, skal þó meta samfelldan tíma frá upphafi fyrra/fyrsta útkalls þar til síðara/síðasta útkalli lýkur. Nætursímtöl til lækna á gæsluvakt, þ.e. símtöl á tímabilinu 23:00-07:00, skulu metin til vinnuálags 15 mínútur hvert. Aðeins verða metin í þessu sambandi símtöl frá viðkomandi sjúkrahúsi og frá þeim aðilum sem þurfa starfs síns vegna að hafa samband við viðkomandi lækni.
- 4.4.4.2 Vinnuveitandi getur endurmetið hlutfall gæsluvaktarálags og skal hann þá tilkynna læknum um það endurmat með skriflegum hætti með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Þá skal endurmeta hlutfall gæsluvaktarálags þegar a.m.k. helmingur lækna á viðkomandi vakt óska þess skriflega. Nýtt endurmat tekur gildi einum mánuði frá lokum þess viðmiðunartímabils sem metið er hverju sinni
- 4.4.5 Peir, sem vinna fyrirfram skipulagða vinnutilhögun skv. þessari grein, skulu aðra hverja viku fá two samfellda frídaga. Heimilt er í samráði við lækna að

veita frídagana hvorn í sínu lagi. Eins er heimilt í samráði við lækna að flytja frídaga milli vikna.

- 4.4.6 Heimilt skal vera að læknir með sérfræðileyfi standi gæsluvakt fyrir fleiri en eina stofnun á sama tíma. Slíkar sameiginlegar gæsluvaktir skal byggja á mati stjórnenda hlutaðeigandi stofnana.

Frá 1. janúar 2016 verður gr. 4.4 sem hér segir:

4.4 Vinnutilhögun lækna utan dagvinnu

- 4.4.1 Tekið skal upp fast vaktafyrirkomulag svo sem um skipulag og eðli vaktalína. Gert skal ráð fyrir því að vaktafyrirkomulagið miðist við vinnuálag á hverri deild og skal það endurskoðað árlega með tilliti til vinnuálags. Forstöðumenn deilda skulu, að höfðu samráði við lækna sömu deilda, gera tillögur um slíka endurskoðun til endanlegrar ákvörðunar stjórnar viðkomandi stofnunar.

Læknum, öðrum en þeim sem nýta sér undanþágu skv. gr. 4.1.3, 2. mgr., skal skyld að skipta með sér vöktum á viðkomandi starfseiningu og skal vaktskrá lögð fram með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Vaktabýrði skal vera í samræmi við starfshlutfall nema um annað sé samið.

- 4.4.2 Staðarvakt. Læknir á staðarvakt dvelst á þeirri stofnun þar sem hann stendur vaktina.

Á staðarvakt sem er minna en 8 klst. skal greiða tímakaup í yfirvinnu fyrir hverja klukkustund.

Á staðarvakt sem er skipulögð sem samfelld viðvera í 8 klst. eða lengur skal greiða tímakaup í yfirvinnu fyrir hverja klukkustund auk þess sem veitt er frí á dagvinnutíma ein klukkustund fyrir hverja unna stund og skal sú frítaka falla innan hins fyrirfram skipulagða vinnufyrirkomulags.

Það frí sem hér um ræðir sem er til komið vegna undanfarandi almanaksárs en hefur ekki verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutímaupi viðkomandi starfsmanns að viðbættu á lagi samkvæmt gr. 3.2.4 og/eða 3.3.5 við næstu reglulegu útborgun.

- 4.4.2.1 Ef staðarvakt skv. 4.4.2 er breytt að ósk yfirmanns frá fyrirfram skipulagðri vinnutilhögun skv. þessari grein með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi lækni greitt aukalega **4** klst. í yfirvinnu.

- 4.4.2.2 Læknir á staðarvakt hefur ekki sérstaka matar- og kafftíma. Lækni er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á staðarvakt ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan greinir á matar- og kafftínum, skal telja hverja staðarvakt, sem er skipulögð 4 klst. eða lengri, 5% lengri en raunverulegri viðveru nam.

- 4.4.3 Gæsluvakt. Með gæsluvakt er átt við að læknir sé ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli og skal hann koma á vettvang án tafar í útkalli.

Hvert útkall á gæsluvakt skal að lágmarki talið sem vinna í 4 klst. og er greitt með yfirvinnu. Sé um endurtekin útköll að ræða með skemmra en fjögurra klst. bili milli upphafs hvors/hvers útkalls, skal þó meta samfelldan tíma frá upphafi fyrra/fyrsta útkalls þar til síðara/síðasta útkalli lýkur.

Gæsluvaktargreiðsla fellur niður þann tíma sem yfirvinnukaup er greitt.

- 4.4.4 Gæsluvaktir með viðveruskyldu að hluta, samkvæmt nánari ákvörðun stofnunar, sbr. grein 4.4.1.
Viðveruskylda á hverri gæsluvakt getur verið mismunandi en fyrir hvern unninn tíma er greidd ein yfirvinnustund. Að öðru leyti er greitt álag skv. grein 3.6.1.3 og útkall eins og fyrir hefðbundna gæsluvakt.
- 4.4.5 Heimilt skal vera að læknir standi gæsluvakt fyrir fleiri en eina stofnun á sama tíma. Slíkar sameiginlegar gæsluvaktir skulu byggja á mati stjórnenda hlutaðeigandi stofnana.
- 4.4.6 Heimilt er að veita lækni frí í stað greiðslu álags fyrir gæsluvakt:
- 20 mínútna frí jafngildir 33,33% á lagi
- 27 mínútna frí jafngildir 45% á lagi
- 54 mínútna frí jafngildir 90% á lagi.
- 4.4.7 Vegna óreglulegra og illmælanlegra starfsbundinna verkþátta sem sinnt er utan þess tíma sem telst til virks vinnutíma í skilningi 1. tölul. 52. gr. laga nr. 46/1980 (s.s. gæsluvöktum), skal veita sérfræðilæknum og yfirlæknum frí sem nemur 40 klst. á ári. Sem dæmi um slíka starfsbundna verkþætti má nefna ráðgjöf/fyrirmæli til vakthafandi lækna eða annarra aðila svo sem í formi símtala eða tölvusamskipta utan hins hefðbundna vinnutíma, eða skoðun sjúkragagna í gegnum tölvu eða önnur fjarskiptataeki.
Frí þetta skal veitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma og það skipulagt með samkomulagi milli starfsmanns og yfirmanns, utan sumarorlofstíma og þannig að sem minnst röskun verið á starfsemi viðkomandi stofnunar.
Það frí sem hér um ræðir sem er til komið vegna undanfarandi almanaksárs en hefur ekki verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutímakaupi viðkomandi starfsmanns að viðbættu á lagi samkvæmt gr. 3.2.4 og/eða 3.3.2 við næstu reglulegu útborgun.
- 4.4.8 Þeir, sem vinna fyrirfram skipulagða vinnutilhögun skv. þessari grein, skulu aðra hverja viku fá 2 samfellda frídaga. Heimilt er í samráði við lækna að veita frídagana hvorn í sínu lagi. Eins er heimilt í samráði við lækna að flytja frídaga milli vikna.
- 4.5 Vinnutilhögun kandidata/lækna með lækningaleyfi utan dagvinnu á sjúkrahúsum**
- 4.5.1 Bundin vakt. Kandidat/læknir með lækningaleyfi á bundinni vakt dvelst á þeirri stofnun þar sem hann stendur vaktina. Bundnum vöktum er skipt í þrjá flokka sem hér segir:
- 4.5.1.1 A. Þungar vaktir. Þar er tekið fullt tillit til ótekinna matar- og kaffítíma utan dagvinnumarka.

- 4.5.1.2 B. Milliþungar vaktir. Þar er reiknað með að hvíld náist sem svari til að jafnaði 25% af lengd vaktarinnar og er tekið að hálfu tillit til ótekinna matar- og kaffítíma utan dagvinnumarka.
- 4.5.1.3 C. Léttar vaktir. Þar er reiknað með að hvíld náist sem svari til að jafnaði 45% af lengd vaktarinnar og tekið tillit til ótekinna matar- og kaffítíma að einhverju leyti.
- 4.5.1.4 Ef bundinni vakt skv. 4.5.1 er breytt að ósk yfirmanns frá fyrirfram skipulagðri vinnutilhögun skv. þessari grein með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal viðkomandi lækni greitt aukalega 4 klst. í yfirvinnu.
- 4.5.2 Gæsluvakt.**
- 4.5.2.1 Kandidat/lækni með lækningaleyfi á gæsluvakt er ekki skylt að dvelja á stofnun þeirri sem hann stendur vaktina fyrir en hann þarf að koma á vettvang án tafar í útkalli.
- 4.5.2.2 Sé kandidat/læknir með lækningaleyfi á gæsluvakt kallaður til starfa, ber honum yfirvinnukaup fyrir þann tíma sem unninn er þó aldrei minna en 4 klst. fyrir útkall.
- 4.5.2.3 Gæsluvaktargreiðsla fellur niður þann tíma sem yfirvinnukaup er greitt.
- 4.5.3 Þeir, sem vinna fyrirfram skipulagða vinnutilhögun skv. þessari grein, skulu aðra hverja viku fá 2 samfellda frídaga. Heimilt er í samráði við lækna að veita frídagana hvorn í sínu lagi. Eins er heimilt í samráði við lækna að flytja frídaga milli vikna.

Frá 1. janúar 2016 fellur grein 4.5 úr gildi.

- 4.6 Vinnutilhögun lækna utan dagvinnu á stofnunum öðrum en sjúkrahúsum og heilsugæslu.**
- 4.6.1 Gæsluvakt.**
- 4.6.1.1 Með gæsluvakt er átt við að læknir sé ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli. Það telst ekki gæsluvakt ef læknir dvelst á vinnustað skv. fyrirmælum yfirmanns.
- 4.6.1.2 Læknir á rétt á frí í stað greiðslu álags fyrir gæsluvakt.
- 20 mínútna frí jafngildir 33,33% á lagi
 - 27 mínútna frí jafngildir 45% á lagi
 - 54 mínútna frí jafngildir 90% á lagi.
- 4.6.1.3 Sé læknir á gæsluvakt kallaður til starfa, ber honum yfirvinnukaup fyrir þann tíma sem unninn er þó aldrei minna en 4 klst. fyrir útkall.
- 4.6.1.4 Gæsluvaktargreiðsla fellur niður þann tíma sem yfirvinnukaup er greitt.
- 4.6.1.5 Fyrir reglubundnar gæsluvaktir lækna skal veita frí sem svarar mest 80 stundum fyrir hverjar 1200 stundir á útkallsvakt á ári en hlutfallslega færri daga fyrir skemmri vaktir.
- 4.6.1.6 Unnar stundir á gæsluvöktum skulu ekki dregnar frá, þegar gæslustundir á ári eru taldar sbr. 4.6.1.5.

- 4.6.1.7 Frí skv. grein 4.6.1.5 má veita hvenær árs sem er í samráði við yfirmann en ekki er heimilt að flytja það milli ára.
- 4.6.2 Vaktir.
- 4.6.2.1 Þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvökum eða vinna hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils, skulu fá álag fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils.
- 4.6.2.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vinnuvökum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers læknis, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst nema samkomulag sé við lækni um skemmri frest.
- 4.6.2.3 Við samningu vaktskrár skal þess gætt að helgidagavinna skiptist sem jafnast á lækna.
- 4.6.2.4 Vinnuvökur skulu vera 6-10 klst. og skulu líða minnst 9 klst. til næstu vinnuvöku.
- Breytingar á þessari grein eru heimilar með samkomulagi skv. 4.1.4.
- 4.6.2.5 Þar sem nauðsyn er samvistartíma við vaktaskipti, skal fella hann inn í hinn reglulega vinnutíma. Nánar verði samið um þetta atriði af aðilum.
- 4.6.2.6 Þeir, sem vinna vaktavinnu, skulu í viku hverri fá 2 samfellda frídaga þannig að næturfrí komi fyrir og eftir frídagana. Samningsaðilum er heimilt að semja um að frídagarnir séu veittir hvor í sínu lagi þó þannig að næturfrí komi jafnan fyrir og eftir frídagana eða eigi skemmri tíma en 36 klst. samfellt fyrir hvorn dag. Heimilt er í samráði við lækna að flytja frídaga milli víkna.
- 4.6.2.7 Þeir læknar sem vinna á reglubundnum vinnuvökum og skila til jafnaðar 40 klst. vinnu á viku allt árið, geta í stað greiðslna skv. 3.5 fengið frí á óskertum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við heils árs starf. Vinnu, sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga sbr. framanritað, skal auk þess launa með vaktaálagi, sé þessi kostur valinn.
- 4.6.2.8 Þeir vaktavinnumenn sem ekki notfæra sér eða njóta heimilda skv. 4.6.2.7, skulu eiga kost á svofelldum uppgjörsmáta:
- Greitt verði skv. vaktskrá yfirvinnukaup sbr. 4.1.7 fyrir vinnu á sérstökum frídögum og stórhátíðardögum skv. 4.1.8 þó aldrei minna en 8 klst. fyrir hvern merktan vinnudag.
- Bættur skal hver dagur sem ekki er merktur vinnudagur á vaktskrá og fellur á sérstakan frídag eða stórhátíðardag annan en laugardag eða sunnudag (laugardagur fyrir páskas undanskilinn), með greiðslu yfirvinnukaups í 8 klst. eða með öðrum frídegi.
- 4.6.2.9 Læknar í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffítíma. Læknum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan greinir á matar- og kaffítínum, skal telja hverja vakt, sem unnin er til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu, 25 mínútum lengri en raunverulegri viðveru nam.
- 4.6.2.10 Vinni vaktavinnumenn yfirvinnu eða aukavakt, skal til viðbótar unnum tíma greiða 12 mínútur fyrir hvern fullan unnin klukkutíma nema læknir taki

matar- og kaffítima á vaktinni. Skulu þá þeir matar- og kaffítimar teljast til vinnutímans allt að 12 mínútur fyrir hvern fullan unninn klukkutíma.

- 4.6.2.11 Læknar sem vinna reglubundna vaktavinnu, skulu undanþegnir næturvöktum, ef þeir óska, er þeir hafa náð 55 ára aldri.

4.7 Hvíldartími

- 4.7.1 Daglegur hvíldartími. Vinnutíma skal haga þannig, að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags fái læknir a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Heimilt er þó þar sem um fyrirfram ákveðna vinnutilhögun er að ræða að skipuleggja hana með þeim hætti að samfelld hvíld fari niður í 8 klst. Verði því við komið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til 06:00.

- 4.7.2 Frávik/frítökuréttur. Við sérstakar aðstæður, þegar almannahaill krefst þess og halda þarf uppi nauðsynlegri heilbrigðis- eða öryggisþjónustu, má fram lengja vinnulotu að upphafi næstu reglulegu dagvinnumarka og skal þá veita undantekningarlaust 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til dagvinnulauna.

Í þeim tilvikum að sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma gildir eftirfarandi: Séu læknar sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, $1\frac{1}{2}$ klst. (dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út $1/2$ klst. (í dagvinnu) af frítökuréttinum, óski læknir þess.

Skerðist 11 tíma hvíld á gæsluvakt myndast frítökuréttur með sambærilegum hætti. Einnig myndast frítökuréttur fyrir hverja klukkustund sem unnin er umfram 16 klst. á viðmiðunarsólarhring, þ.e. á hverjum 24 klst. miðað við skipulagt/venjubundið upphaf vinnudags læknis.

Vinni læknir það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt. Komi læknir til yfirvinnu á frídegi eða helgi greiðist yfirvinnukaup fyrir unnnin tíma án frekari frítökuréttar af þessum sökum.

- 4.7.3 Uppsaðnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi stofnunar í samráði við lækna enda sé uppsaður frítökuréttur a.m.k. 4 klst.

- 4.7.4 Aukinn frítökuréttur vegna samfelldrar vinnu umfram 24 klst. Í þeim sérstöku undantekningartilvikum að starfsmaður vinni samfellt fullar 24 stundir, skal frítökuréttur aukast þannig að hver heil stund umfram 24 veitir frítökurétt sem er 1,8% lengri en sá frítökuréttur sem næsta stund á undan gaf.

- 4.7.5 Vikulegur frídagur. Á hverju sjö daga tímabili skal læknir hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi. Heimilt er þó að skipuleggja vinnu með þeim hætti að fresta töku vikulegs frídags þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á hverjum tveimur vikum.

- 4.7.6 Læknir á rétt á a.m.k. 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klst. Kaffi- og matarhlé teljast hlé í þessu sambandi.

- 4.7.7 Uppgjör við starfslok. Við starfslok skal ótekinn frítökuréttur gerður upp með sama hætti og orlof. Frítökuréttur fyrnist ekki.
- 4.7.8 Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til b-liðar auglýsingar nr. 285 frá 29. apríl 1997 um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Þar er vísað til samnings ASÍ, BHM, BSRB og KÍ og Samminganefndar ríkisins, Reykjavíkurborgar og Launaneftndar sveitarfélaga frá 23. janúar 1997, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma og fylgir hann samningi þessum sem fylgiskjal og telst hluti hans. Framangreind ákvæði eru til fyllingar 13. gr. þess samnings.

4.8 Frí í stað greiðslu gæsluvakta og yfirvinnu

- 4.8.1 Frí í stað greiðslu fyrir gæsluvaktir.
- 4.8.1.1 Heimilt er lækni og vinnuveitanda að semja um, að læknir taki frí í stað greiðslu fyrir gæsluvaktir, og skal fríð að jafnaði veitt, sé þess nokkur kostur.
- 4.8.1.2 Hjá lækni með sérfræðileyfi, sem fær fastar greiðslur fyrir gæsluvaktir, skal eftirfarandi tafla gilda við umrekning:

Gæsluvakt 1 Pr. klst. á vakt

| | |
|--------|------|
| 0-9% | 0,47 |
| 10-19% | 0,50 |
| 20-29% | 0,54 |
| 30-39% | 0,59 |
| 40-49% | 0,65 |
| 50-59% | 0,72 |
| 60-69% | 0,78 |

Gæsluvakt 2
(ferilvakt) Pr. klst. á vakt

| | |
|--------|------|
| 0-4% | 0,29 |
| 5-9% | 0,32 |
| 10-14% | 0,35 |
| 15-19% | 0,38 |
| 20-24% | 0,40 |

4.8.1.3 Kandidat/læknir með lækningaleyfi. Ein klst. á 33,33% gæsluvakt jafngildir 20 mínútna fríi, ein klst. á 45% gæsluvakt jafngildir 27 mínútna fríi og ein klst. á 90% gæsluvakt jafngildir 54 mínútna fríi.

4.8.2 Frí í stað greiðslu fyrir yfirvinnu.

4.8.2.1 Heimilt er lækni og vinnuveitanda að semja um að læknir taki frí í stað greiðslu fyrir yfirvinnu, þ.m.t. yfirvinna á staðarvakt. Hver reiknuð klst. í yfirvinnu jafngildir 1 klst. fríi.

Frá 1. janúar 2016 fellur gr. 4.8 úr gildi.

4.9 Matar- og kaffihlé - fæði og mötuneyti

4.9.1 Í reglulegum vinnutíma er gert ráð fyrir 30 mínútna matarhléi og telst það ekki til vinnutímans. Í dagvinnutíma skulu vera 2 kaffítímar, 15 mín. og 20 mín. og teljast þeir til vinnutímans. Kaffítíma má stytta eða fella niður með samkomulagi aðila.

4.9.2 Læknar sem eru við störf á föstum vinnustað a.m.k. 2 klst. fyrir matarhlé og aðrar 2 klst. eftir matarhlé, skulu hafa aðgang að matstofu eftir því sem við verður komið. Matstofa telst sá staður í þessu tilviki þar sem hægt er að bera fram heitan eða kaldan mat, aðfluttan eða eldaðan á staðnum. Á þeim vinnustöðum þar sem ekki er aðstaða til að matast, skal reynt að tryggja læknum aðgang að nærliggjandi matstofum á vegum ríkisins. Húsakynni skulu vera í samræmi við heilbrigðisreglugerðir. Vinnuveitandi greiði kostnað við rekstur mötuneytis. Læknar greiði hins vegar efnisverð matarins.

4.9.3 Læknir sem hefur ekki aðgang að matstofu en ætti að hafa það skv. gr. 4.9.2, skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 430 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

1. Vinnuskylda læknis sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
2. Læknir hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
3. Matarhlé sé aðeins 1/2 klst.

4.9.4 Þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal læknir á vakt fá það bætt með fæðispeningum sem nema 430 kr. enda sé vinnuskylda læknis a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt.

4.9.5 Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matvörulið vísitölu neysluverðs (01 Matur og drykkjarvörur) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (140,7 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

5 Orlof

5.1 Lengd orlofs

Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Læknir sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem nemur 24 vinnuskyldustundum. Við 38 ára aldur fær hann enn að auki orlof sem nemur 24 vinnuskyldustundum. Læknir sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta

úr ári, skal fá orlof í 16 vinnuskyldustundir miðað við fullt mánaðarstarf. Orlofið verði 18 eða 20 vinnuskyldustundir sé um lengingu orlofs að ræða skv. framangreindum aldursreglum.

5.2

Orlofsfé

Læknir skal fá 10,17% orlofsfé á dagvinnutímakaup og yfirvinnu- og álagsgreiðslur skv. samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%.

5.3

Orlofsárið

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

5.4

Sumarorlofstími

Tímabil sumarorlofs er frá 2. maí til 15. september.

5.5

Orlof veitt á sumarorlofstíma

Læknir á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabilinu og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því við komið vegna starfa stofnunarinnar. Sé orlof eða hluti orlofs tekið utan sumarorlofstímabils, skal sá hluti orlofsins lengjast um 1/4.

5.6

Ákvörðun orlofs

Yfirmaður ákveður í samráði við lækna hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum lækna um hvenær orlof skuli veitt og skal það veitt á sumarorlofstíma, sé þess óskað af hálfu læknis og því verður við komið vegna starfa stofnunarinnar. Yfirmaður skal, að lokinni könnun á vilja lækna, tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof skuli hefjast nema sérstakar ástæður hamli.

5.7

Veikindi í orlofi

Veikist læknir í orlofi, telst sá tími sem veikindum nemur, ekki til orlofs enda sanni læknir með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs.

5.8

Frestun orlofs

5.8.1

Nú tekur læknir ekki orlof eitthvert ár og á hann þá rétt á, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

5.8.2

Nú tekur læknir ekki orlof eða hluta af orlofi skv. beiðni yfirmanns síns og geymist þá orlofið til næsta árs ella ber honum þá yfirvinnukaup fyrir starf sitt þann tíma. Annars er læknum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni.

5.9

Áunninn orlofsréttur

Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins læknis.

5.10

Orlofssjóður

Vinnuveitandi greiðir 0,25% af fullum launum þeirra lækna er samningurinn tekur til, í orlofssjóð lækna. Gjald þetta skal greiða mánaðarlega eftir á skv. útreikningum vinnuveitanda.

6 Afleysinga- og staðgengilsstörf

6.1 Tímabundin afleysing

Lækni, sem ráðinn er skv. samningi þessum, skal skylt að taka að sér störf læknis með sérfræðileyfi og/eða yfirlæknis tímabundið að ósk yfirlæknis og vinnuveitanda. Að jafnaði skal gera ráð fyrir lækni í slík staðgengilsstörf, sé um að ræða lengri fjarveru yfirlæknis en 7 almanaksdaga. Læknir sem gegnir staðgengilsstörfum í 7 daga eða lengur, skal fá greidd mánaðarlaun þess sem hann leysir af auk viðbótarþáttu. Vinnuveitanda er skylt að tilkynna lækni skriflega um slík staðgengilsstörf með minnst viku fyrirvara, sé þess kostur.

7 Aksturssamningar

7.1 Aksturssamningar

Um greiðslur fyrir akstur fer skv. reglum fjármála- og efnahagsráðuneytisins eins og þær eru á hverjum tíma.

8 Endurmenntun

8.1 Námsferðir

Læknar með sérfræðileyfi eiga rétt að fá greiddan kostnað, þ.m.t. eðlileg námskeiðsgjöld, við námsferðir til útlanda og vegna þáttöku í viðurkenndum alþjóðlegum læknaþingum á Íslandi, í 15 almanaksdaga árlega eftir nánari ákvörðun vinnuveitanda (sjá einnig verklagsreglur velferðarráðuneytis dags. 10. október 2011). Heimilt er að fara fleiri styrtti ferðir eða 30 almanaksdaga ferð annað hvert ár enda leiði ekki af því aukinn kostnað fyrir vinnuveitanda né lengri fjarveru læknis. Ónotaður réttur getur aldrei orðið meiri en 30 almanaksdagar. Það sem umfram er fellur niður. Semja má sérstaklega um styrki vegna þáttöku í stjórnarstarfi í norrænum sérfélögum.

8.2 Laun í námsferðum

Læknar með sérfræðileyfi skulu halda mánaðarlaunum auk viðbótarþáttu meðan á námsferðum þessum stendur í samræmi við það starfshlutfall sem þeir eru ráðnir til.

8.3 Kostnaður við námsferðir

Læknar með sérfræðileyfi skulu fá greiddan ferða- og dvalarkostnað á námsferðum þessum skv. reglum þeim sem gilda um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna á hverjum tíma. Nú fær viðkomandi laun, styrk eða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði og skal slikt þá koma til frádráttar greiðslum þessum.

8.4 Hlutastarf

Full greiðsla, sbr. gr. 8.3, miðast við 40 klukkustunda vinnuskyldu á viku. Sé læknir með sérfræðileyfi ráðinn í hlutastarf, lækkar greiðslan hlutfallslega, nema grein 4.3.3.2 eigi við þá hækkar greiðslan hlutfallslega hafi hann að jafnaði unnið meira en ráðningarsamningur segir til um.

| | |
|------------|--|
| 8.5 | Kandidatar/læknar án sérfræðileyfis |
| 8.5.1 | Læknir með lækningaleyfi sem ráðinn er til 1 árs eða lengur á sömu stofnun, skal hafa rétt til námsferðar í 7 almanaksdaga fyrir hverja 12 mánuði eftir nánari ákvörðun vinnuveitanda enda sé námsferðin tengd starfssviði hans og verkefnum. |
| | Hafi læknir með sérfræðileyfi unnið a.m.k. 2 ár í stöðu læknis án sérfræðileyfis, á hann sama rétt að þessu leyti og læknir með sérfræðileyfi. |
| 8.6 | Greinargerð og skýrsla |
| | Með beiðni um námsferð skv. þessari grein skal fylgja greinargerð um tilgang og skipulag ferðarinnar. Læknar skulu gera grein fyrir árangri námsferðar í skýrslu til yfirlæknis og sjúkrahússstjórnar. |
| 8.7 | Launalaus leyfi |
| | Starfsmaður skal eiga rétt á launalausu leyfi í hæfilegan tíma ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar. |
| 9 | Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa |
| 9.1 | Tilkynningar, vottorð og útlagður kostnaður |
| 9.1.1 | Ef starfsmaður verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlæknin hlutaðeigandi stofnunar. Krefjast má læknisvottorðs af starfsmanni vegna óvinnufærni hvenær sem forstöðumann /yfirmanni stofnunar þykir þörf á. |
| 9.1.2 | Ef starfsmaður kemur ekki til starfa vegna veikinda eða slyss í meira en 5 vinnudaga samfleytt, skal hann sanna óvinnufærni sína með læknisvottorði. Ef um er að ræða endurteknar fjarvistir starfsmanns, skal hann sanna óvinnufærni sína með læknisvottorði eftir nánari ákvörðun forstöðumanns/yfirmanns. |
| 9.1.3 | Ef starfsmaður er óvinnufær vegna veikinda eða slyss um langan tíma, skal hann endurnýja læknisvottorð sitt eftir nánari ákvörðun forstöðumanns/yfirmanns en þó ekki sjaldnar en mánaðarlega. Frá þessu má þó veita undanþágu eftir tillögu trúnaðarlæknis ef hann telur auðsætt að um lengri veikindafjarvist verði að ræða. |
| 9.1.4 | Skylt er starfsmanni sem er óvinnufær vegna veikinda eða slyss að gangast undir hverja þá venjulega og viðurkennda læknisrannsókn sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því hvort forföll séu lögmæt, enda sé kostnaður vegna viðtals við lækni og nauðsynlegra læknisrannsókna greiddur af vinnuveitanda. |
| 9.1.5 | Endurgreiða skal starfsmanni gjald vegna læknisvottorða sem krafist er skv. gr. 9.1.1-9.1.4. Sama gildir um viðtal hjá lækni vegna öflunar vottorðs. |
| 9.1.6 | Vinnuveitandi greiði starfsmanni þau útgjöld sem starfsmaður hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. |

9.2

Réttur til launa vegna veikinda og slysa

9.2.1

Starfsmaður sem ráðinn er til starfa á mánaðarlaunum skv. gr. 3.1.1 í a.m.k. 2 mánuði, skal halda launum skv. gr. 9.2.6 - 9.2.7 svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

| <u>Starfstími</u> | <u>Fjöldi daga</u> |
|-------------------------|--------------------|
| 0- 3 mánuði í starfi | 14 dagar |
| Næstu 3 mánuði í starfi | 35 dagar |
| Eftir 6 mánuði í starfi | 119 dagar |
| Eftir 1 ár í starfi | 133 dagar |
| Eftir 7 ár í starfi | 175 dagar |

Við framatalinn rétt bætist auk þess réttur til mánaðarlauna skv. gr. 3.1.1 í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 9.2.6-9.2.7.

| <u>Starfstími</u> | <u>Fjöldi daga</u> |
|----------------------|--------------------|
| Eftir 12 ár í starfi | 273 dagar |
| Eftir 18 ár í starfi | 360 dagar |

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

9.2.2

Starfsmaður sem ráðinn er í tímavinnu, sbr. þó gr. 9.2.3, eða er ráðinn skemur en 2 mánuði, skal halda launum skv. gr. 9.2.6 - 9.2.7 svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

| <u>Starfstími</u> | <u>Fjöldi daga</u> |
|-------------------------|--------------------|
| Á 1. mánuði í starfi | 2 dagar |
| Á 2. mánuði í starfi | 4 dagar |
| Á 3. mánuði í starfi | 6 dagar |
| Eftir 3 mánuði í starfi | 14 dagar |
| Eftir 6 mánuði í starfi | 30 dagar |

Við framatalinn rétt bætist auk þess réttur til dagvinnulauna í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 9.2.6-9.2.7.

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

9.2.3

Réttur eftirlaunaþega í tímavinnu, eða annars konar vinnu, til launa vegna óvinnufærni af völdum veikinda eða slysa skal vera 1 mánuður á hverjum 12 mánuðum. Laun í veikindum skal miða við meðaltal dagvinnulauna síðustu 3 mánuði fyrir veikindi.

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

9.2.4

Starfsmaður sem skilar vinnuskyldu sinni óreglubundið eða með öðrum hætti en dagvinnumaður í reglubundinni vinnu, skal teljast hafa verið

- fjarverandi í eina viku þegar hann hefur verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa sem nemur vikulegri vinnuskyldu hans og hlutfallslega þegar um styttri eða lengri fjarvist vegna óvinnufærni er að ræða.
- 9.2.5 Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skv. gr. 9.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé. Þar að auki skal sérfræðingi reiknaður til viðbótar sá tími sem það tekur lækni að jafnaði að afla sér sérfræðiviðurkenningar erlendis, þó aldrei meira en tíu ár.
- Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.
- 9.2.6 Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns greiðast auk mánaðarlauna skv. gr. 3.1.1 í kjarasamningi, fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi.
- 9.2.7 Eftir fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns, skal hann auk launa sem greidd verða skv. gr. 9.2.6, fá greitt meðaltal þeirra yfirvinnustunda sem hann fékk greiddar síðustu 12 mánaðarleg uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 12 heilu almanaksmánuðina. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari grein skal ekki telja með þær yfirvinnustundir sem greiddar hafa verið skv. gr. 9.2.6.
- 9.2.8 Ef starfsmaður er fjarverandi vegna orlofs á viðmiðunartímabili skv. gr. 9.2.7, skal telja að hann hafi sama meðaltal yfirvinnu orlofsdagana og hinna hluta tímabilsins.
- 9.2.9 Verði starfsmaður óvinnufær af völdum slyss á vinnustað eða á eðlilegri leið til eða frá vinnu, greiðast laun skv. gr. 9.2.7 frá upphafi fjarvistanna.
- 9.2.10 Ef starfsmaður að læknisráði og með leyfi forstöðumanns vinnur skert starf vegna slyss eða veikinda, skal miða greiðslu veikindalauna fyrir dagvinnu við það starfshlutfall sem vantar á að hann sinni fullu starfi.
- 9.3 Starfshæfnisvottorð**
- 9.3.1 Starfsmaður sem verið hefur óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfellt í 1 mánuð eða lengur, má ekki hefja starf að nýju nema læknir votti að heilsa hans leyfi. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis hlutaðeigandi stofnunar.
- 9.4 Lausn frá störfum vegna endurtekinnar eða langvarandi óvinnufærni vegna veikinda eða slysa**
- 9.4.1 Ef starfsmaður er óvinnufær vegna veikinda eða slysa svo mánuðum skiptir á hverju ári um fimm ára tímabil og ekki er skýlaust vottað samkvæmt

- ákvæðum gr. 9.3.1 að hann hafi fengið heilsubót sem ætla megi varanlega, má leysa hann frá störfum vegna heilsubrests.
- 9.4.2 Þegar starfsmaður hefur verið samfellt frá vinnu vegna veikinda eða slysa launalaust í jafnlangan tíma og þann tíma er hann átti rétt á að halda launum í fjarveru sinni skv. gr. 9.2.1, má leysa hann frá störfum vegna heilsubrests.
- 9.4.3 Ekki skulu framangreind ákvæði um veikinda- og slysaforföll vera því til fyrirstöðu að starfsmaður láti af störfum er hann óskar þess ef hann er samkvæmt læknisvottorði orðinn varanlega ófær um að gegna starfi vegna vanheilsu. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis hlutaðeigandi stofnunar.
- 9.5 Lausnarlaun og laun til maka látins starfsmanns**
- 9.5.1 Þegar starfsmaður er leystur frá störfum skv. gr. 9.4.1-9.4.3, skal hann halda föstum launum skv. gr. 9.2.6 í 3 mánuði.
- 9.5.2 Sama gildir um greiðslu vegna látins starfsmanns ef hinn látni var í hjúskap, staðfestri samvist, skráðri sambúð eða sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar í merkingu 44. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993.
- 9.5.3 Þegar starfsmanni er veitt lausn skv. gr. 9.4.1-9.4.3 eða hann andast, skal greiða laun hans, svo sem ella hefði verið gert, til loka lausnar- eða andlátsmánaðar áður en laun skv. gr. 9.5.1 -9.5.2 koma til álita. Þetta á þó ekki við ef launagreiðslum hefur áður lokið, t.d. vegna þess að réttur til launa í veikindum skv. gr. 9.2.1-9.2.10 var tæmdur.
- 9.6 Skráning veikindadaga**
- 9.6.1 Halda skal skrá yfir veikindadaga starfsmanns við hverja stofnun. Ef starfsmaður flyst milli starfa, skal leggja saman veikindadaga hans í báðum störfum eftir því sem við á.
- 9.7 Veikindi og slysaforföll í fæðingarorlofi**
- 9.7.1 Veikindatími starfsmanns í fæðingarorlofi telst ekki til veikindaforfalla og á starfsmaður ekki rétt til launa í veikinda- og slysatilvikum þann tíma.
- 9.8 Veikindi barna yngri en 13 ára**
- 9.8.1 Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.
- 9.9 Ákvæði til bráðabirgða**
- 9.9.1 Starfsmaður sem hefur fyrir 1. janúar 2001, áunnið sér fleiri veikindadaga skv. áðurgildandi reglum, skal halda þeim á meðan á samfelldri ráðningu stendur en um frekari ávinnslu fer skv. kafla þessum.
- 9.10 Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna**
- 9.10.1 Hvað varðar samráðsnefnd víast til samkomulags BHM, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi

starfsmanna í framangreindum samtökum, sem undirritað var 24. október 2000.

10 Tilhögun fæðingarorlofs

10.1 Gildissvið

10.1.1 Kafli þessi tekur til foreldris sem er í a.m.k. 25% starfi og starfað hefur í samfellt 6 mánuði fyrir fæðingu barns síns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda og er með gilda ráðningu við upphaf orlofsins.

10.2 Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi

- 10.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, þó með þeirri viðbót sem talin er upp hér á eftir.
- 10.2.2 Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs, telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 29. gr. framangreindra laga.
- 10.2.3 Starfsmaður launagreiðanda sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar. Starfsmaður er áfram í þeim lífeyrissjóði(um) sem hann hefur tilheyrt sem starfsmaður launagreiðanda en launagreiðandi ber ábyrgð á réttindaávinnslu starfsmanns í b-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
- 10.2.4 Starfsmaður sem nýtur fyrirframgreiðslu launa, skal eiga rétt til fyrirframgreiðslu frá launagreiðanda þann mánuð sem hann hefur töku fæðingarorlofs og fellur sá réttur niður þann mánuð sem hann kemur til baka úr fæðingarorlofi.

11 Fjölskyldu- og styrktarsjóður og iðgjöld í Starfsendurhæfingarsjóð

11.1 Hlutverk fjölskyldu- og styrktarsjóðs

11.1.1 Stofnaður skal fjölskyldu- og styrktarsjóður. Hlutverk hans er:

1. að taka við iðgjöldum launagreiðanda og ávaxta þau,
2. að taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur til félagsmanna í fæðingarorlofi,
3. að taka ákvarðanir um frekari ráðstöfun fjármuna sjóðsins skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

11.2 Stjórн fjölskyldu- og styrktarsjóðs

- 11.2.1 Stjórн fjölskyldu- og styrktarsjóðs skal skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af Læknafélagi Íslands.
- 11.2.2 Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda og sendir launagreiðendum sem greiða til sjóðsins.

11.3 Fjölskyldu- og styrktarsjóður og iðgjaldagreiðslur í starfsendurhæfingasjóð

- 11.3.1 Iðgjald launagreiðanda skal nema 0,41% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðanda sem falla undir samkomulag þetta. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda.
- 11.4.1 Iðgjald launagreiðanda í starfsendurhæfingasjóð skal nema 0,13% af heildarlaunum félagsmanna.

12 Tryggingar

- 12.1** Starfsmenn skulu slysatryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingarskilmálar eftir því hvort starfsmaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs. Um skilmála trygginga þessara gilda reglur, nr. 30/1990 og nr. 31/1990, sem fjármálaráðherra hefur sett.

- 12.2** Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldrí og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

| | |
|-------------------------|-------------|
| vegna slyss utan starfs | 523.500 kr. |
| vegna slyss í starfi | 523.500 kr. |

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldrí og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

| | |
|-------------------------|---------------|
| vegna slyss utan starfs | 1.603.600 kr. |
| vegna slyss í starfi | 3.833.280 kr. |

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfellt fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

| | |
|-------------------------|---------------|
| vegna slyss utan starfs | 2.193.700 kr. |
| vegna slyss í starfi | 6.255.720 kr. |

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldrí, til hvers barns:

| | |
|-------------------------|---------------|
| vegna slyss utan starfs | 523.500 kr. |
| vegna slyss í starfi | 1.251.000 kr. |

Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla-eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins er hinn tryggði andast, á það sama rétt til bóta.

Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

5. Með börnum í 2. og 4. tölulið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpbörn, börn sambúðaraðila og fósturbörn, sem hinn látni var framfærsluskyldur við sbr. 53. gr. barnalaga nr. 76/2003.
6. Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

12.3 Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:

| | |
|-------------------------|----------------|
| vegna slyss utan starfs | 4.216.900 kr. |
| vegna slyss í starfi | 11.125.439 kr. |

Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% vegur þrefalt.

- 12.4** Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í september 2004, 235,6 stig.
- 12.5** Verði ríkissjóður eða vinnuveitandi skaðabótaskyldir gagnvart vátryggða, skulu slysabætur skv. slysatryggingum þessum koma að fullu til frádráttar skaðabótum er þeim kann að verða gert að greiða.
- 12.6** Verði læknir sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu svo sem úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt skv. mati. Náist ekki samkomulag, skal farið skv. mati eins fulltrúa frá hvorum aðila. Slik tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Eigi skal bæta slíkt tjón ef það verður sannanlega vegna gáleysis eða hirðuleysis læknisins.
- 12.7** Vinnuveitandi bætir lækni þau útgjöld sem hann kann að verða fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 32. grein laga um almannatryggingar.
- 12.8** Verði læknir fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu við að sinna einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, eða sinna einstaklingi sem dæmdur hefur verið til fangelsisvistar eða vistaður í fangelsi eða á stofnun af öðrum orsökum skal honum bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Embætti ríkislögmanns fjallar um bótakröfu samkvæmt grein þessari og annast uppgjör bóta í umboði fjármálaráðuneytisins.

13 Lífeyrissjóður

13.1 Lífeyrissjóðsgreiðslur.

- 13.1.1 Af heildarlaunum lækna greiðir vinnuveitandi 11,5% iðgjald til Almenna lífeyrissjóðsins á móti 4% iðgjaldi starfsmanna fyrir þá félagsmenn sem eru sjóðfélagar í þeim sjóði.
- 13.1.2 **Sérákvæði:** Frá og með 1. maí 2006 skulu allir nýráðnir læknar vera sjóðfélagar í Almenna lífeyrissjóðnum.
Þeim læknum sem nú eru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skal þó heimilt að greiða áfram í þann sjóð.
- 13.2** Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir vinnuveitandi framlag á móti sem nemur 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

14 Samstarfsnefnd

- 14.1** Samningsaðilar skulu hvor um sig tilnefna allt að two fulltrúa og two til vara í samstarfsnefnd sem hafi m.a. það hlutverk að fjalla um breytingar á röðun starfa í launaflokka og koma á sáttum í ágreiningsmálum eða öðrum málum sem rísa kunna út af kjarasamningi aðila. Eins skal hún fjalla um röðun starfa samkvæmt 25. gr. laga nr. 94/1986.
- 14.2** Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa með hálfs mánaðar fyrirvara ef ekki er samkomulag um skemmi tíma.
- 14.3** Hjá þeim stofnunum sem fara með framkvæmd kjarasamninga í umboði vinnuveitenda, skal komið á samstarfsnefndum eins og segir í grein 14.1 sem koma þá í stað hennar.
- 14.4** Samstarfsnefnd skal svara erindum innan fimm vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á röðun eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

15 Innheimta gjalda

- 15.1** Launagreiðandi tekur að sér að innheimta starfsmannatengd gjöld fyrir Læknafélag Íslands vegna þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningi þessum, sé þess óskað. Félagið skal afhenda lista eða gögn um þá sem gjaldskyldir eru með þeim upplýsingum, sem nauðsyn krefur. Viðkomandi gjöld skulu innheimt mánaðarlega og skilað til félagsins fyrir 20. sama mánaðar. Innheimtu má þó haga með öðrum hætti en hér er ákveðið ef um það er samkomulag.

16 Ýmis ákvæði

- 16.1** Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um

niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 30. janúar 2015 skoðast hann samþykkur.

Reykjavík, 7. janúar 2015

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Læknafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

B Ó K A N I R
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Læknafélagi Íslands
undirrituðum 7. janúar 2015

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að þar til breytingar hafa verið gerðar á núverandi vinnutilhögun skulu fyrir hverja 24 klst. staðarvakt lækna með sérfræðileyfi reiknast 15,5 klst. í frítökurétt og gildir einu hvort um er að ræða vakt á virkum degi eða helgidegi.

Jafnframt eru aðilar sammála um að í þeim tilvikum þar sem gæsluvaktir eru skipulagðar um eða inn á helgar skuli 4. mgr. gr. 4.7.2 eiga við.

Þegar breytingar hafa verið gerðar á núverandi vinnutilhögun einstakra eininga skulu ákvæði greinar 4.7 í kjarasamningi gilda.

Bókun 2

Við upptöku nýrrar launatöflu 1. janúar 2015 fellur bókun 4 úr fyrri samningi niður.

Við gildistöku nýrra röðunarforsendna 1. júní 2015 skulu þeir sem ekki uppfylla skilyrði varðandi breytta starfsbundna þætti halda þeirri röðun sem þeir fengu við yfirfærslu í nýja launatöflu 1. janúar 2015. Forsendur til frekari hækkanar eru að þeir uppfylli fyrst skilyrði samkvæmt nýjum röðunarforsendum.

Bókun 3

Við upptöku nýrrar vinnutilhögunar skal endurmeta allar ákvarðanir um annars konar greiðslu eða vinnutímatilhögur, þ.m.t. veiting fría í stað vinnu.

Bókun 4

Í samningi þeim sem aðilar hafa nú undirritað er bryddað upp á nýbreytni um ákvörðun launa lækna með nýrri launatöflu og breyttum forsendum röðunar í töfluna. Tilgangurinn er að auka sveigjanleika og tryggja aukna möguleika stofnana til að bregðast við breyttum aðstæðum í rekstri og starfsmannahaldi, jafnframt því að efla stjórnun á heilbrigðisstofnunum.

Til þess að stuðla að framgangi þessa eru aðilar sammála um að ráðstafa þann 1. júní 2015 sem svarar 4,5% af launasummu félagsmanna í Læknafélagi Íslands. Tryggt skal að allir hækki um einn launaflokk við þessa breytingu. Sú hækkan hefur ekki áhrif þegar starfsbundnir þættir skv. fylgiskjali II eru metnir. Einnig er stofnun heimilt að nýta hluta þessa fjármagns til að minnka vinnuálag t.d. með því að hækka starfshlutfall þeirra lækna sem eru í hlutastarfí, breyta samsetningu launa lækna, eða endurskilgreina inntak starfa með hliðsjón af því hvort meta eigi sérstaklega til viðbótar þá starfstengdu þætti sem er að finna í fylgiskjali II.

Bókun 5

Bókun 1 með kjarasamningi aðila dags. 5. mars 2006 breytist og verður sem hér segir:

Aðilar hafa orðið sammála um að endurskoða fyrirkomulag á greiðslum samkvæmt gjaldskrá og fyrir vottorð með það að markmiði að taka upp annað fyrirkomulag en mælt er fyrir um í bókun 1 með kjarasamningi dags. 5. mars 2006. Við þá endurskoðun skal hafa hliðsjón af þeirri stefnumörkun sem nú er unnið að varðandi breytt fyrirkomulag á fjármögnun heilsugæslunnar og hins vegar framtíðartilhögun þeirrar þjónustu sem heilsugæslunni er ætlað að sinna.

Til þess að fjármagna nýtt fyrirkomulag verði varið þeirri fjárhæð sem nú er greidd vegna gjaldskrárverka og vottorðagreiðslna. Því til viðbótar koma 200 milljónir króna til að stuðla að frekari nýbreytni í vinnutilhögun heilsugæslulækna.

Í þessu skyni skal skipa sérstaka nefnd fyrir 1. mars 2015. Læknafélag Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa og fjármála- og efnahagsráðherra jafn marga. Tveir þeirra skulu tilnefndir af heilbrigðisráðherra og þriðji skipaður án tilnefningar. Nefndin skal skila tillögum til samningsaðila eigi síðar en 15. október 2015.

Samningsaðilar skulu taka tillögurnar til umfjöllunar og verði þær samþykktar tekur nýtt fyrirkomulag gildi frá og með 1. janúar 2016.

Ef ekki næst samkomulag um nýtt fyrirkomulag byggt á tillögum nefndarinnar heldur núverandi fyrirkomulag gildi sínu en viðbótarfjármagnið (200 milljónir króna) verður nýtt til hækunar á launatöflu Læknafélags Íslands frá og með 1. janúar 2016. Nái aðilar samkomulagi um afmarkaðar breytingar skal sá hluti fjármagnsins sem eftir stendur nýttur eins og fyrr var sagt til hækunar á launatöflu frá 1. janúar 2016.

Núverandi fyrirkomulag á greiðslum fyrir gjaldskrárverk skv. A, B, og C-lið fylgiskjals með úrskurði kjaranefndar dags. 15. október 2002, og samkomulagi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Læknafélags Íslands fyrir hönd heilsugæslulækna dags. 17. desember 2003, þar með talin ákvæði 2. mgr. 5. gr., 4. gr., B.lið 1. gr og 2. mgr. 14. gr. heldur gildi sínu þar til aðilar verða sammála um nýtt fyrirkomulag.

Læknar sem starfa við heilsugæslu og sinna gjaldskrárverkum utan dagvinnu (t.d. milli kl 16 og 19 virka daga) fá í dag greitt fast álag sem er 0-9%. Þann 1. janúar 2016 tekur gildi breyting á álagsgreiðslum skv. grein 3.6.1.3. Þá verður ekki lengur miðað við þyngd vakta eins og áður var og álag verður tiltekið hlutfall af dagvinnukaupi sbr. gr. 3.4.1. Fái læknir sem starfar við heilsugæslu greitt samkvæmt gjaldskrá fyrir læknisverk á vöktum greiðist auk gjaldskrárverka einungis gæsluvaktarálag skv. gr. 3.6.1.3 og ekki er greitt fyrir bindingu að öðru leyti.

Gjaldskrárgreiðslur taka á samningstímanum sambærilegum hækjunum og launatafla.

Bókun 6

Með upptöku gæsluvakta með bundinni viðveru eru aðilar sammála um að þar sem gert er ráð fyrir að læknir komi til starfa á fyrirfram ákveðnum tíma um helgar eða á sérstökum frídögum er litið svo á, með tilliti til mats á 2. mgr. gr. 4.7.2, að slík binding sé ígildi beiðni yfirmanns um að mæta til vinnu.

Bókun 7

Aðilar eru sammála um að þrátt fyrir ákvæði gr. 4.1.3 skuli leitast við að takmarka fjölda gæsluvakta utan dagvinnutíma, sem eru 16 klst. eða lengri, sem hverjum og einum lækni er gert að sinna, við 24 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil. Fari vaktafjöldi umfram þetta viðmið skal greiða 25% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Bókun 8

Eftir samþykkt kjarasamnings greiðist sérstök eingreiðsla, 160.000 kr., m.v. fullt starf hverjum starfsmanni sem var við störf 1. desember 2014 og var enn í starfi 1. janúar 2015. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í desember 2014. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausu leyfi.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I

Forsendur vörpunar í nýja launatöflu:

Hver 5% sem viðkomandi starfsmaður nýtur vegna sérstakra verkefna, t.d. stjórnunar, sbr. gr. 3.2.1.1, 3.2.1.2 og 3.2.1.3 samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi eru metin til hækknar um einn launaflokk ofan á grunnröðun í nýrri launatöflu. Álag vegna doktorsprófs er við vörpun í nýja launatöflu metið til tveggja launaflokka í samræmi við nýjan kjarasamning.

Fylgiskjal II

Stofnanir sem samningur þessi nær til skulu fyrir 15. apríl 2015 leggja fyrir samningsaðila til staðfestingar lýsingu á ábyrgðarsviði og starfaflokkun lækna sem hjá þeim starfa. Annars vegar skulu stofnanirnar gera grein fyrir þáttum sem eru meginþættir í skilgreiningu starfa lækna og hins vegar starfsbundnum þáttum, sem er umbunað fyrir sérstaklega. Launaumbun vegna starfsbundinna þátta getur verið tímabundin eða til frambúðar.

Stofnanir sem samningur þessi nær til skulu hver um sig skilgreina störf lækna án sérfræðileyfis, lækna með sérfræðileyfi og yfirlækna. Í skilgreiningu starfa skal tekið tillit til eðlis, tilgangs og markmiðs viðkomandi stofnunar. Gerð skal grein fyrir staðsetningu starfs í skipulagi stofnunar, markmiði starfs, ábyrgð, starfs- og verksviði, skyldum og helstu verkefnum eftir því sem við á.

Eftirtaldir starfsbundnir þættir hafa vægi til launahækknar. Líta skal til ábyrgðar og umfangs verkefna eftir því sem við á í því sambandi. Sé um tímabundna þætti að ræða greiðist launaumbun aðeins fyrir þann tíma sem verkefnið varir.

1. **Stjórnun** - Meta skal stjórnunarstörf sem ekki teljast til hefðbundinna skyldustarfa.
2. **Kennsla** - Regluleg kennsla læknanema, sérnámslækna, og/eða annarra nema á heilbrigðissviði umfram skilgreindar starfsskyldur án þess að vera ráðinn til sérlaunaðra kennslustarfa (t.d. mentorar).
Kennsla/fræðsla samstarfsmanna, annarra heilbrigðisstarfsmanna og aðstandenda umfram starfsskyldur. Próun og staðfærsla fræðsluefnis, námskeiða og mælitækja.
Meta skal kennslureynslu, gerð kennsluefnis, nýsköpun í kennslu og leiðbeining nemenda í grunn- og framhaldsnámi.
3. **Gerð vaktaáætlana** - Gerð vaktaáætlana og skipulagning vakta fyrir lækna á viðkomandi rekstrareiningu.
4. **Sérstök verkefni** - Önnur verkefni sem eru umfram þá þætti sem felast í skilgreiningu starfs. Verkefni eða málaflokkar í samráði og skv. beiðni yfirmanns, t.d. undirbúnингur fræðslufunda og/eða endurskoðun verkferla. Fulltrúi stofnunar í nefndum og ráðum sem tengjast sérgrein/fræðasviði. Stjórnun, samræming þjónustu, faglegt forsvar fyrir ákveðna þjónustu skv. nánari skilgreiningu stofnunar

5. **Rannsóknir** - Vísindarannsóknir, birting fræðigreina í ritrýndum tímaritum og kynning fræðilegs efnis varðandi nýjungar í meðferð, þátttaka og virkni í viðurkenndum innlendum sem og alþjóðlegum ráðstefnum.
6. **Gæðastarf** - Próun verkferla, innleiðing nýjunga með lausnarmiðaða nálgun að leiðarljósi. Próunarvinna er varðar m.a. bætt aðgengi notenda að heilbrigðisþjónustu. Greining þarfa, ráðgjöf og fræðsla. Greinargerðir um umfang og árangur þjónustu sérsviðs eða sertækjar þjónustu.
7. **Teymi** - Teymisvinna þar sem lögð er áhersla á nýtingu reynslu, hæfni og sérþekkingu við lausn viðfangsefna samkvæmt ákveðnu vinnuferli.
8. **Próunarvinna** - Próunarvinna er tekur til þróunar ákveðinnar þjónustu, meðferðarúrræða og/eða vinnuferla skv. nánari skilgreiningu stofnunar. Skilgreind þróunar- og rannsóknarverkefni skv. beiðni yfirmanns.
9. **Nýsköpun/árangur** - Nýsköpun vegna verkefna sem miða að þróun þjónustufyrirkomulags eða meðferðarúrræða þar sem heildstætt mat á þörfum fyrir þjónustu er haft að leiðarljósi, svo sem DRG. Próun og framkvæmd árangursmælikvarða er meta árangur
10. **Aukið aðgengi að þjónustu.** Þátttaka í vinnufyrirkomulagi sem eykur aðgengi að þjónustu með sveigjanlegri vinnuskilum.
11. **Sérþekking** – Læknir, sérfræði- og yfirlæknir sem hefur sérfraðileyfi í annarri sérgrein/undirsérgrein eða annars konar sérþekkingu sem að mati stofnunar nýtist í starfi.

Læknar geta að hámarki hækkað um 5 launaflokka á grundvelli þeirra viðbótarþáttta sem við eiga á stofnun.

Til greina kemur að ákvarða vægi þeirra með stigagjöf eða þannig að hver þáttur um sig geti leitt til hækkunar um einn eða fleiri launaflokka.